



Reykjavík 07.09.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. september 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Kjalarnes, Hof

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2017, þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar umrædds svæðis við Vesturlandsveg. Jafnframt er bent á að lagfæra gögn þannig að afmörkun byggingarreits sé í samræmi við fyrirhugað umfang bygginga þannig að minjar verði staðsettar utan hans og gera þarf grein fyrir aðkomu að deiliskipulagssvæðinu frá stígum ofar í hlíðinni. Einnig er lagður fram leiðréttur uppdáttur dags. 25. ágúst 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2017 leiðréttur uppdáttur dags. 25. ágúst 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi	
Mótt.	16. ÁGÚ. 2017 <i>Ann</i> sign
Skjaln.	<i>IS/E</i>

Reykjavík, 11. ágúst 2017
Tilvísun: 201610020 / 3.4

Efni: Deiliskipulag í landi Esjuhofs á Kjalarnesi, Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með ódagsettu erindi sem barst Skipulagsstofnun 1. ágúst 2017, sent stofnuninni deiliskipulag í landi Esjuhofs til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 25. júní 2017. Deiliskipulagið var samþykkt fyrir auglýsingu í borgarráði 1. júní 2017 og að auglýsingartíma liðnum á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júlí 2017. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Deiliskipulagssvæðið tekur til 15 ha svæðis. Fyrirhugað er að byggja upp aðstöðu til að þjóna göngu-, hesta- og hjólréiðamönnum yfir sumartímann. Innan byggingarreits er heimilt að reisa 80 m² þjónustuhús. Í upphafi verður gert ráð fyrir um 20 m² gámi og 30 m² bjálkaskúr meðan verið er að kanna hvort rekstrargrundvöllur sé fyrir umræddri starfsemi.

Innan svæðisins eru hestagerði, bílastæði, stígar og beitarhólf. Kvöð er um aðkomu að vatnsbóli um land Esjuhofs sem staðsett er ofan við deiliskipulagssvæðið.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2500, dags. 27. apríl 2017.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar umrædds svæðis við Vesturlandsveg. Jafnframt er bent á að lagfæra gögn þannig að afmörkun byggingarreits sé í samræmi við fyrirhugað umfang bygginga þannig að minjar verði staðsettar utan hans og gera þarf grein fyrir aðkomu að deiliskipulagssvæðinu frá stígum ofar í hlíðinni.

Unnsteinn Gíslason
Unnsteinn Gíslason



Reykjavík 25. ágúst 2017

Varðar: Kjalarnes, Hof lýsing, deiliskipulag

Lagt er fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2017, þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar umrædds svæðis við Vesturlandsveg. Jafnframt er bent á að lagfæra gögn þannig að afmörkun byggingarreits sé í samræmi við fyrirhugað umfang bygginga þannig að minjar verði staðsettar utan hans og gera þarf grein fyrir aðkomu að deiliskipulagssvæðinu frá stígum ofar í hlíðinni.

Samráð var haft Vegagerðinni á lýsingarstigi deiliskipulagsins og fylgir afrit af þeirra umsögn á bls. 2, dags. 21. október 2016, þar kemur fram að í undirbúningi er vinna með Reykjavíkurborg fyrir Vesturlandsveg á Kjalarnesi og þar verður m.a. tekið á hvernig framtíðar tengingum verður háttað á svæðinu. Umrædd tenging við Hofsland verður tekin fyrir í deiliskipulagsvinnunni. Gera má ráð fyrir að deiliskipulagstillaga verði tilbúin síðar á árinu og þá auglýst formlega í kjölfarið.

Varðandi fornminjar 292-30 og 292-31, þá hefur byggingareiturinn verði minnkaður í samræmi við aths. Skipulagsstofnunar og minjar þ.a.l. ekki lengur innan reitsins.

Varðandi aðkomu að skipulagssvæðinu frá stígum ofar í hlíðinni, þá er það utan deiliskipulagssvæðis og ekki búið að leggja línurnar hvort/hvenær verður tengt inn á lóð frá þeim stígum.

Niðurstaða

Uppdrættir hafa verið uppfærðir í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar, dags. 25. ágúst 2017. Varðandi aðkomumál þá verður tekið á því í deiliskipulagi fyrir Vesturlandsveg sem búast má að verði auglýst síðar á þessu ári.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**

Ann María Andreassen

Frá: valtyr.thorisson@vegagerdin.is
Sent: 21. október 2016 15:39
Til: USK Skipulag
Afrit: svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is
Efni: Skipulagslýsing: Hofsland I, Kjalarnesi
Viðhengi: pic57721.gif; pic09129.jpg

Tilvísun í mál: 2016100015, b.t. skipulagsfulltrúa

Vegagerðin hefur mótttekið erindi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. október 2016 varðandi ofangreint málefni.

Nú er að hefjast deiliskipulagsvinna með Reykjavíkurborg fyrir Vesturlandsveg á Kjalarnesi, þ.e. svokallaðan 2+1 veg frá Leirvogsá að Hvalfjarðargöngum og þar verður m.a. tekið á því hvernig framtíðar tengingum verður háttað á þessu svæði.

Nokkuð ljóst er að fækka þarf tengingum og sameina þær í færri en öruggari tengingar. Þessi tenging við Vesturlandsveginn sem um ræðir í skipulagslýsingunni fyrir Hofsland I verður til umfjöllunar í deiliskipulaginu fyrir Vesturlandsveginn því þar fæst heildstætt yfirlit yfir allar tengingar, (hliðarvegi, stíga, reiðleiðir ofl.) auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi.

Líklegt er að hægri beygjur verði leyfðar inn og út á umræddri tengingu, en vinstri beygjur verði að taka á nálægum hringtorgum við Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg.

Óskað er eftir að samráð verði haft við Vegagerðina og Reykjavíkurborg vegna tengingar svæðisins við Vesturlandsveginn.

Með kveðju, Valtýr Þórisson

(Embedded Valtýr Þórisson
image moved
to file:
pic57721.gif)

Deildarstjóri, áætlanadeild

Byggingarverkfræðingur, M.Sc.

(Embedded image moved to file: pic09129.jpg) Civil Engineer, M.S.C.E.
Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)
+354 522-1024 | +354 860-5603
Borgartúni 5-7 | 105 Reykjavík
valtyr.thorisson@vegagerdin.is
www.vegagerdin.is